



HÁSKÓLI ÍSLANDS
SIÐFRÆÐISTOFNUN

Vilhjálmur Árnason
stjórnarformaður

Um starfsemi Siðfræðistofnunar

Ársfundur 2022

Háskóla Íslands, 20. janúar 2023





Efni fundarins

- Ársfundur er vettvangur umræðu um starfsemi Siðfræðistofnunar, um nýjungar í fræðunum eða önnur málefni sem varða hlutverk stofnunarinnar
- Stjórnarformaður gerir grein fyrir starfsemi stofnunarinnar á árinu 2022
- Horfi um öxl, met stöðuna og horfi fram
- Ræði stöðu stofnunarinnar í tengslum við samfélagslegt hlutverk háskóla og siðamál á háskólastigi
- Umræða í hópnum



Starfsreglur (2. gr.)

- Hlutverk Siðfræðistofnunar er:
 - að efla og samhæfa **rannsóknir** í siðfræði sem unnið er að við Háskóla Íslands,
 - að stuðla að **samstarfi** við innlenda og erlenda háskóla og aðra rannsóknaraðila á sviði siðfræði,
 - að **gefa út** fræðirit, námsefni og kynna niðurstöður rannsókna í siðfræði,
 - að veita upplýsingar og **ráðgjöf** um siðfræðileg efni,
 - að sinna stjórnýslu vegna námskeiða sem deildir bjóða fram sem hluta af þverfaglegu **námi í siðfræði**, einkum til meistaraþrófs,
 - að treysta samvinnu milli deilda í þágu þverfaglegs náms og efla skilning á þeim hagsmunum sem náminu tengjast,
 - að gangast fyrir námskeiðum og **fyrirlestrum** um siðfræði.



Stjórn og starfsmenn

- Stofa í Hugvísindastofnun, aðsetur í Gimli
 - Verkefnastjóri, Páll Rafnar Þorsteinsson
 - Stjórn: Vilhjálmur Árnason (námsbraut í heimspeki 1997), Sólveig Anna Bóasdóttir (guðfræðideild 2003), Elínborg Sturludóttir (kirkjuráði 2003), Henry Alexander Henrysson (hugvísindasviði 2020), Kolbrún Pálsdóttir (menntavísindasviði 2021)
 - Nýir fulltrúar guðfræðideildar og námsbrautar í heimspeki munu taka við 1. febrúar



Alþjóðlegt samstarf

- *Nordic-Baltic Network for Philosophy of Medicine*
 - Samstarf norrænna siðfræðistofnana, upphaflega styrkt af NordForsk. Árlegt málþing haldið í Greifswald í júní 2022. Næst í Riga í ágúst 2023. Stjórnarformaður hefur leitt netið síðan 2012
- *Medicine and Time*
 - Samstarf um málþing í Wissenschafts-kolleg Greifswald í tengslum við málþing NBNPM í júní
- *Bioethics and Political Philosophy*
 - Styrkur NOS-HS. Samstarf við Stokkhólmsháskóla og Árósháskóla. Lokamálstofa í Skálholti 1.–4. júní
- *Governance of Health Data in Cyberspace*
 - Styrkt af NordForsk, leitt af HeLEX við Oxford Háskóla. Salvör Nordal



Aðrir styrkir og samstarf

- *LýðHá.* Samstarf við HA um lýðræðislegt hlutverk háskóla
 - Styrkt af Rannís. Lokamálfing við Háskólann á Akureyri 11. nóvember
- *Covid-19: Áskoranir fyrir siðfræði lýðheilsu og stjórn mála*
 - Styrkur stjórnarformanns frá RHÍ
 - Samstarf við Bergen Centre for Ethics and Priority Setting, Háskólanum í Bergen. *Power, trust and resource allocation in health: Towards a framework for trustworthy decision-making*
 - Stutt við doktorsverkefni Svövu Sigurðardóttur: “Blurred Boundaries.” Understanding Role Specific Duties and Responsibilities in Medical Practice and Genomics. The Case of Iceland.
- *Diogenes – Digital storytelling to foster critical thinking*
 - Styrkt af Erasmus, EU. Henry Alexander Henrysson



Þjónusta og ráðgjöf

- Fulltrúar Siðfræðistofnunar eru tilnefndir í fjölmargar siðanefndir, ráð og starfshópa á vegum hins opinbera, fagfélaga og stofnana og veita umsagnir um lagafrumvörp (heimasíðan)
- Ráðgjöf um setningu og innleiðingu siðareglna hjá fyrirtækjum, stofnunum og félagasamtökum. Fræðsluerindi og ráðgjöf fyrir stofnanir og faghópa. Til dæmis siðareglur lögreglunnar, BHM og Umhverfisstofnun
- Þátttaka í starfshópum sem undirbúa lagafrumvörp eða umsagnir á vegum stjórnvalda
- Ráðgjöf tengd verkefnum einstakra ráðuneyta og stofnana: Verkefni á vegum Menningarráðuneytisins um tillögur Unesco um siðferði og gervigreind
- Samtal við forsætisráðuneytið í kjölfar samnings



Framhaldsnám í siðfræði

- Samvinna við námsbraut í heimspeki um meistaranám í hagnýtri siðfræði. Þrjú kjörsvið
 - Heilbrigðis- og lífsiðfræði
 - Umhverfis- og náttúrusiðfræði
 - Viðskiptasiðfræði
 - 35 brautskráðir alls; sex skráðir nú
- 30e diplómanám í gagnrýninni hugsun og siðfræði. Sextán brautskráðir; sex skráðir nú
- Doktorsnám í hagnýtri siðfræði (4 nemar). Tvær hafa lokið náminu. Ástríður Stefánsdóttir varði doktorsritgerð 29. júní 2022



Önnur starfsemi 2022

- Ársfundur 2021 haldinn 14. janúar 2022. Málstofa um bólusetningar vegna Covid 19. Framsögur frá sjónarhóli siðfræði og lögfræði og síðan pallborðsumræður m.a. með þátttöku sóttvarnalæknis
 - Hádegisfundur um slaufunarmenningu 28. febrúar
 - Málstofa um Covid-19 á Hugvísindapingi 11. mars
 - Minningarfyrirlestur Páls Skúlasonar í Hátíðasal H.Í. 7. apríl. Fyrirlesari var Anthony Grayling, rektor New College of the Humanities í London
 - Málþing um réttinn til að deyja, haldið í Öskju 12. maí
 - Vinnustofa um Bioethics and Political Philosophy í Skálholti 1.–4. júní
 - Fyrirlestur Maeve Cook um loftlagsmál í Veröld 30. september
 - Málþing um fagmennsku í Lögbergi 4. nóvember



Áform 2023

- Hádegisfundir og málþing
 - Málþing um bókina *Aðstæðubundið sjálfræði. Líf og aðstæður fólks með proskahömlun* (Háskólaútgáfan 2022).
 - Fyrirlestur í minningu Páls Skúlasonar í júní
 - Málþing um gæðamál háskóla (siðamál, ráðvendni í rannsóknum o.fl.)
- Ráðgjöf
 - Verkefni tengd eftirfylgni tilmæla starfshóps um eflingu trausts (forsætisráðuneytið)
 - Verkefni tengd vinnu UNESCO um siðfræði, tækni og gervigreind (menngar- og viðskiptaráðuneytið)



Horft um öxl

- Stofnsett 1989. Fyrsti áratugurinn einkennist af líflegri útgáfu, mápingum og fyrirlestrahaldi
- Gagnagrunnsmálið 1998 mótaði verkefnin næstu ár
 - Fjölmargir rannsóknastyrkir og alþjóðlegt samstarf
 - Skálholtsfundir um erfið átakamál í íslensku samfélagi. Nám í hagnýtri siðfræði 2002
- Fjármálahrunið 2008 mótaði verkefnin næstu ár
 - Aðkoma að skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis og rannsókn á íslensku lýðræði. Bók 2018
 - Samningur við HÍ um siðfræði og gagnrýna hugsun
 - Samningur við Forsætisráðuneytið um eftirfylgni tilmæla starfshóps um eflingu trausts í des. 2018



Staðan og hlutverkið

- Samningurinn við forsætisráðuneytið er runninn út, en viðræður eru í gangi um framhald tengt tilteknum verkefnum.
- Í stjórninni hefur um skeið verið rætt um að rök séu fyrir því að breyta heimilisfesti stofnunarinnar
- Í upphafi var hún undir háskólaráði en var færð undir Hugvísindasvið 2010
- Stofnunin fellur ekki vel að fjármögnunarlíkani sem þar gildir, enda rannsóknarstarfsemin ekki umfangsmikil. Ráðgjöf og þjónusta stórir liðir



Ráðgjafarhlutverkið

- Starfsreglur: „að veita upplýsingar og ráðgjöf um siðfræðileg efni“
 - Siðfræðistofnun hefur oft gegnt hlutverki e.k. landsiðaráðs án þess að hafa til þess pólitískt umboð eða fjármagn
- Ítrekað leitað til stjórnvalda, bæði Alþingis og framkvæmdavaldins, án árangurs
 - Vísað í sögu Siðaráðs Landlæknis sem fjallaði bæði um vísindarannsóknir og almenn stefnumál. Vísindasiðanefnd hóf störf 1997, en engin sambærileg þróun hefur orðið varðandi önnur verkefni Siðaráðs Landlæknis (lagt niður 2000)



Siðamál háskólastigsins

- Siðanefnd háskólanna um vísindarannsóknir stofnsett 2020
- Í kjölfar þess að siðanefnd HÍ sagði af sér í febrúar 2022 kviknaði sú hugmynd að stofna ætti sameiginlega siðanefnd fyrir háskólastigið. Slíkt fyrirkomulag gæti styrkt sjálfstæði hennar og skapað fjarlægð frá stjórnslu hvers háskóla
- Allir skólarnir vinna eftir sambærilegum siðareglum. Áhugi reynist vera fyrir hugmyndinni



Siðfræðistofnun háskólastigsins?

- Sú hugmynd kviknaði að æskilegt væri að Siðfræðistofnun færðist yfir á háskólastigið og yrði faglegur bakhjarl fyrir siðanefnd háskólastigsins
- Ákveðið var að vinna umsókn í Samstarfssjóðs háskólastigsins til að undirbúa sameiginlega siðfræðistofnun
- Haft var samband við alla háskólana og lofuðu undirtektir góðu. Þegar á hólminn var komið reyndist ekki vera grundvöllur fyrir umsókn í þetta sinn
- Undirbúningur umsóknarinnar var þó gagnlegur



Markmið umsóknar

- Efla samstarf háskóla um greiningu siðferðilegra álitaeftna og áskorana í samtímanum
- Innleiða samþætta siðfræðikennslu í mikilvægum greinum (einkum lífvísindum og tæknigreinum)
- Stuðla að virku samtali um siðferðilegar áskoranir í samstarfi háskólasamfélagsins, stofnana og fyrirtækja í rannsókn- og nýsköpunarstarfsemi
- Veita ráðgjöf um siðferðileg efni til stjórnvalda, stofnana, fyrirtækja, fagfélaga og frjálsra félagasamtaka
- Standa fyrir vandaðri og opinni samfélagsumræðu um stórar siðferðilegar áskoranir framtíðar og álitaeftni líðandi stundar



Rökstuðningur

- Mikilvægi öflugrar siðfræðistofnunar, sem byggir á virku og víðtæku samstarfi, bæði innan háskólasamfélagsins og út á við í samfélagið, hefur aldrei verið meiri
- Íslenskt samfélag stendur frammi fyrir fjölbættum áskorunum sem tengjast m.a. örri þróun þekkingar, umbyltingum í tækni, loftlagsógn, sviptingum á sviði alþjóðamála, upplýsingaóreiðu, kreppu lýðræðis og trausti almennings í garð stjórnvalda
- Djúpstæðra áhrifa þessara þróunar gætir víða en vitund og umræða um hvert við stefnum er lítil. Siðfræðistofnun háskólastigsins gæti skapað forsendur og faglegt bakland slíkrar umræðu með námskeiðum, málþingum, útgáfu og ráðgjöf



Samfélagslegt hlutverk háskóla

- Verkefnið fellur að áhersluatriðum Háskóla...ráðuneytis um háskóla í þágu samfélags, einkum áherslu á *Samstarf um sjálfbærni með áherslu á hlutverk háskóla í að hafa uppbyggileg áhrif á umhverfi, stjórnarhætti og samfélag*
- Hlutverk háskóla í þessu tilliti mun fara vaxandi á næstu árum og siðfræðilegir þættir munu verða þýðingarmiklir í því
- Með sameiginlegri siðfræðistofnun mætti renna styrkari stoðum undir hagnýtingu siðfræðilegrar greiningar og jafnframt efla vitund um samfélagslega ábyrgð í vísindum og verðmætasköpun. Allt gerir þetta háskólunum betur kleift að sinna samfélagslegu hlutverki sínu og auka samfélagsleg áhrif þess starfs sem unnið er innan þeirra vébanda.



Takk fyrir!



HÁSKÓLI ÍSLANDS SIÐFRÆÐISTOFNUN

